

MONOFINISH

BLANDIST AÐEINS
MEÐ VATNI !

Eins-þáttar múrefni með venjulegan
hörðunarhraða til að fínþússa steypa
og viðgerða lagnaflæti.

Notkunarsvið:

Til að vernda og fínþússa steyppt yfirborð.

Damigerð notkun:

Til að slétta ójöfnur á steypum flötum fyrir málningu.

Til að fínþússa viðgerða flæti þar sem notuð hafa verið MAPEGROUT viðgerðarefni.

Til að jafna og fínþússa örður á áður múruðum flötum.

Eiginleikar:

MONOFINISH er duftkenndur og mjög styrkur eins-þáttar sementsbundinn múr með sérvöldum, fingerðum sandi og vatnsleysanlegum fjölliðum samkvæmt formúlu sem þróuð hefur verið á rannsóknarstofu MAPEI.

Þegar efnið er blandað vatni myndar þar fljótandi múrefni sem auðvelt er að draga á bæði lóðréttu og láréttu flæti í þykkt frá 2 til 3 mm í hverri umferð. Vegna mikils innihalds fjölliða nær múrinn frábærri viðloðun á alla steypa flæti og myndar hart og sterkt yfirborð við fulla hörðun.

Ráðleggingar /Varist eftirfarandi:

Notið ekki *MONOFINISH* í þykkan lagnir. Notið þá heldur *Mapegrout Tissotropico*, *Mapegrout T40*, *Mapegrout BM* eða *Mapegrout Coallabile*.

Leggið ekki *MONOFINISH* við hitastig lægra en +5° C.

Bætið ekki sementi, sandi eða mól í *MONOFINISH*.

Til verndar í vatnstönkum og öðru þvílíku sem er stöðugt undir áreitni vatns, notið þá *MAPEFINISH*.

NOTKUNARREGLUR:

Undirbúningur lagnaflatar:

Yfirborð sem vinna á, þarf að vera alveg hreint og gegnheilt. Fjarlægið allar leifar af málningu, mótaolíu og öðrum lausum yfirborðsefnum. Best er að sandblása eða nota viðeigandi háþrýstidælu.

Þar sem nauðsyn krefur, þarf að framkvæma viðgerðir með efnum úr MAPEGROUT línunni frá MAPEI. Þegar unnar hafa verið smáviðgerðir með MAPEGROUT viðgerðar-efnum, bleytið þá yfirborðið með vatni, og bíðið eftir að það gufi upp. Ekki mega vera neinir pollar á láréttum flötum, - fjarlægið þá með svampi eða þrýstilofti.

Berið aldrei *MONOFINISH* á rennbauta flæti þar sem vatnið myndar einskonar filmu milli flatarins og múrsins.

Undirbúningur múrblöndunar:

Hellið 4,5 ltr af hreinu vatni í hreinan bala, og hellið síðan rólega úr 25 kg pokanum af *MONOFINISH* útí. Hrærið í viðeigandi hrærivél og látið ganga í nokkrar mínútur, og

sjáið til þess að vel sé skafið á botni og í hliðum balans. Hrærið þar til hefur myndast búðingskenndur, kekkjalaus hræra. Mælt er með notkun víbrara til að forðast loftbólumyndun í hrærunni. Ekki er mælt með því að lögunin sé handhræð.

Borið á:

Berið *MONOFINISH* á með með tenntri múrskeið. Hámarksþykkt er 2 til 3 mm í hverri umferð. Ef nauðsyn er á þykkari lögn, berið þá á í áföngum. Til fínþússningar á fletinum má nota slétta múrskeið eða rakan svamp, - 20 til 30 mínútum eftir lögn. Þá er miðað við hitastig +20°C. – Lægri hiti, - lengri tími.

Ef yfirborð hefur tilhneygingu til þornunar á meðan á lögn stendur, má úða vatni á lagnaflötinn til að auðvelda ásetningu.

Við hátt hitastig, vind eða mjög sólríkar aðstæður, skal úða vatni yfir lagnaflötinn öðru hvoru fyrstu klukkustundir hörðunarferlisins, til að koma í veg fyrir of hraða hörðun en annars gætu myndast sprungur í múrnum.

Hreinsun:

Verkfæri og annað skal hreinsa strax eftir notkun með vatni. Ef múrinn nær að harðna er aðeins hægt að vélhreinsa verkfæri og annað.

Nýting:

1,4 kg / m² í hvern þykktar millimetra.

Pökkun:

MONOFINISH fæst í 25 kg pokum

Geymsla:

Geymist á þurrum stað.

SKILGREINING:

MONOFINISH er notað til fínþússningar á alla steypa fleti og einnig þá sem gert hefur verið við með **MAPEGROUT** viðgerðarefnum frá **MAPEI**. Borið á með múrskeið eða filtað. Efnið er eins-þáttar sementsbundinn múr blandaður með sérvöldum sandi og vatnsleysanlegum fjöliliðum og íblöndunarefnum. *Monofinish* má einnig bera á yfirborð sem ekki þarfnast viðgerða, - þar sem óskað er eftir jöfnu og sléttu yfirborði undir málningu, flísalagnir og þar sem bera þarf á sérstök efni til verndunar gegn utanaðkomandi, ertandi efnum úr andrúmsloftinu.

Lágmarksþykkt: 3 mm

Nýting: 2,8 Kg / á m² miðað við 2 mm þykkt.

Festa / viðloðun: <2 N / mm²

Seigla lögunar: 1,65 kg / dm³

- - - - -

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR: MONOFINISH:

Efnisgerð:		Duft.
Litur:		Grár.
Efnisþyngd:		1,2 kg / ltr.
Þurrefnis innihald:		100 %
Geymslupól:		12 mánn. á þurrum stað í upphaflegum óopnuðum umbúðum.
Heilsuvá samkv. EC 88/379:		Nei.
Eldfimt:		Nei.

Notkunarreglur o.fl.

Litur lögunar:		Grár.
Blöndunar hlutfall:		25 kg poki í 4,5 lítra af vatni.
Þéttleiki lögunar:		Smyrjanleg.
Eðlismassi lögunar:		1,65 ± 0,1 kg / ltr.
pH gildi lögunar:		12,5
Brookfield seigla (Helipath rotor F, 5 snún.):		200.000 – 400.000 cPc
Hitastig við lögn:		Frá +5°C til +35°C.
Vinnslupól lögunar við +23°C og 50% rakastig:		60 mín.
Hörðnun yfirborðs við +23°C og 50% rakastig:		30 mín.
Biðtími fyrir málningu og grunn vegna <i>Primer Elastocolor og Elastocolor máln. ...</i>		3 dagar vegna MONOFINISH eingöngu. 7 dagar, ef viðgerðir hafa verið útfærðar með MAPEGROUT efnum og síðan þússað með MONOFINISH.

Endanlegir eiginleikar:

Þrýstipól eftir 28 daga:		< 20 Mpa
Teygjuþól eftir 28 daga:		< 18.000 MPa
Viðloðun við yfirborð eftir 28 daga við +23°C og 50% rakastig:		2,5 MPa (brotþól steinsteypu)

TABER svörfun eftir 28 daga við +23°C
og 50% rakastig.

Samkvæmt staðli ASTM D 4060-84, eftir
200 snún. með 500 gr. þyngd

Svörfunarhjól H-22) < 3 g.
